

Aðalfundur Íslandssjóða hf.

1. apríl 2014, kl. 15:00

Ráðagerði, Kirkjusandi 2

Fundargerð aðalfundar Íslandssjóða hf. 1. apríl 2014. Fundurinn var haldinn í Ráðagerði, að Kirkjusandi 2. Fundur settur kl. 15:00.

Setning fundar og kjör fundarstjóra

Steinunn Bjarnadóttir, stjórnarformaður Íslandssjóða hf. setti fundinn kl. 15:00. Steinunn bauð hluthafa og gesti velkomna á aðalfund Íslandssjóða hf. og lagði til að Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður Íslandsbanka og Íslandssjóða yrði kjörinn fundarstjóri. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tillögu og var hún samþykkt samhljóða. Fundarstjóri þakkaði fyrir traustið sem honum væri sýnt og gekk til dagskrár.

I. Kosning fundarritara

Gerð var tillaga um að Dagmar Clausen Þórðardóttir, lögfræðingur hjá Íslandsbanka sjái um fundarritun og var það samþykkt samhljóða.

II. Kanna lögmæti fundarins

Tók fundarstjóri fram að til fundar hefði verið boðað með löglegum hætti, með 14 daga fyrirvara og það væri í samræmi við 7. gr. samþykktu félagsins. Á fundinn væru mættir fulltrúar hluthafa sem fara samanlagt með 100% hlutfjár í félaginu. Fundurinn væri því lögmætur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

III. Boðuð dagskrá

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2013
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar
5. Tillögur um breytingar á samþykktum
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
7. Kosning stjórnar félagsins
8. Önnur mál löglega fram borin

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni orðið og áréttaði að fundargestum yrði gefinn kostur á að koma fram með spurningar að loknu máli bæði stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar síðastliðið starfsár hvað varðar helstu atriði í rekstri Íslandssjóða hf. Fundarstjóri þakkaði stjórnarformanni fyrir greinargóða yfirferð og gaf Haraldi Erni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. orðið. Framkvæmdastjóri Íslandssjóða tók því næst til máls og fór yfir þann hluta skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins s.l. starfsár hvað varðar ársreikning félagsins, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs; og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða sem voru í rekstri félagsins. Greindi framkvæmdastjóri frá tölum um árangur í ávöxtun sjóða í rekstri félagsins, sýndi tengsl ávöxtunar og áhættu sjóða félagsins á síðastliðnu starfsári ásamt því að gera grein fyrir vexti og flæði sjóða og þróun eigna í stýringu. Þar næst vék framkvæmdastjóri stuttlega að vexti, markaðshlutdeild og vöruþróun Íslandssjóða hf.

Fundarstjóri þakkaði framkvæmdastjóra fyrir sitt erindi og gaf orðið laust. Engin tók til máls um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins s.l. starfsár.

2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Fundarstjóri bar ársreikning Íslandssjóða hf. upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2013

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn.

Stjórn Íslandssjóða hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður að fjárhæð 224 milljónir króna vegna reikningsársins 2013, sem samsvarar um 75% af hagnaði ársins.

Þá leggur stjórn félagsins til að hagnaður þess eftir arðgreiðslu verði færður á óráðstafað eigið fé.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki framlagða starfskjarastefnu sem er óbreytt frá fyrra ári og er svohljóðandi:

„STARFSKJARASTEFNA

Íslandssjóða hf.

1. gr. Tilgangur

1.1 Starfskjarastefna Íslandssjóða hf. miðar að því að félagið sé samkeppnishæft í ráðningum og geti haldið í gott starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna félagsins.

1.2 Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð tveimur stjórnarmönnum.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

2.1 Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins, svo sem kveðið er á um í 79. gr. a) laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

2.2 Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

3.1 Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra. Kjör hans skulu vera samkeppnishæf og taka mið af m.a. starfsskyldum, árangri, menntun og fyrri reynslu.

3.2 Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningum ásamt greiðslum í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

3.3 Við gerð ráðningarsamnings framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. gr. Viðbótar starfskjör

4.1 Stjórn er heimilt að samþykkja tillögu starfskjaranefndar um að umbuna stjórnendum og starfsmönnum félagsins til viðbótar grunnlaunum, sem sett eru fram í ráðningarsamningi, í formi:

- a) greiðslna í reiðufé;
- b) greiðslna í öðru en reiðufé, svo sem með kaupréttum;
- c) lífeyrissamninga;
- d) starfslokagreiðslna.

4.2 Nýti stjórn félagsins framangreinda heimild skal komið á fót sérstöku árangurskerfi og skulu greiðslurnar miðast við rekstrarafkomu félagsins, einstakra rekstrareininga og frammistöðu starfsmanns. Árangurskerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 700/2011 og við 57. gr. a) laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

5. gr. Upplýsingagjöf

5.1 Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

5.2 Starfskjarastefnu má birta á heimasíðu félagsins.

6. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

6.1 Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á hverjum aðalfundi og skal hún og borin undir hann til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri gerir grein fyrir tillögu stjórnar við aðalfund um að samþykktir félagsins verði svohljóðandi:

„**SAMÞYKKTIR FYRIR**
Íslandssjóði hf.

I. KAFLI - Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Íslandssjóðir hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Kirkjusandi 2, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingsjóði. Tilgangur félagsins er einnig eignastýring og önnur starfsemi sem fellur undir starfsleyfi félagsins samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, auk fjárfestinga og annarrar tengdrar starfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.

II. KAFLI - Um hlutafé

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 25.000.000 - krónur tuttuguogfimmilljónir 00/100. Hlutafé skiptist í 25.000.000 hluti hver að fjárhæð 1 kr. Heimilt er að sameina hluti í einu hlutabréfi.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Stjórn félagsins skal ákveða söluverð og greiðslukjör hinna nýju hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlaun á hlutum sínum nema lög standi til annars.

6. gr.

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu. Hluthafar eiga þó forgangsrétt að nýjum hlutum í félaginu. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu, hvort sem er fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna hlutaskrá félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína í félaginu.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu. Á hverjum tíma skal senda arð, jöfnunarhluti, fundarboð og tilkynningar allar til þess aðila sem skráður er eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

III. KAFLI

A. Hluthafafundur

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert.

Til hluthafafunda skal boðað með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Til aðalfundar skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara, en með lengst fjögurra vikna fyrirvara. Til annarra hluthafafunda skal boðað með minnst viku fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með viku fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef á honum mæta tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir fyrir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

8. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, enda geri hann skriflega kröfu um slíkt til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir upphaf fundar.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Tveimur vikum fyrir aðalfund skal dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur lögð fram til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send þeim hluthöfum sem þess óska. Viku fyrir aðra hluthafafundi skal dagskrá og endanlegar tillögur lagðar fram og sendar hluthöfum sem þess óska.

9. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri krónu hlutafjár.

10. gr.

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Stjórn félagsins skal kjörin ásamt endurskoðendum.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á nýju starfsári.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Önnur málefni sem löglega eru upp borin.

B. Félagsstjórn

11. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fjórum mönnum og tveimur til fjórum til vara kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Tveir stjórnarmenn rita firmað.

12. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur sem kveða nánar á um framkvæmd starfa hennar. Stjórn kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formaður boðar til stjórnarfunda, stýrir þeim og undirbýr í samráði við framkvæmdastjóra. Stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna, þar með talið varamenn í forföllum aðalmanna, sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirælum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum en í fjarveru hans ræður atkvæði varaformanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skulu þeir sem sitja stjórnarfund jafnan rita undir fundargerð. Hver sá, sem rétt á að sitja fund stjórnar, getur krafist þess að bókaðar séu athugasemdir hans og sérálit.

13. gr.

Stjórn félagsins hefur æðstu forstöðu þess, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni hennar eru meðal annars:

1. Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins. Henni ber að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
2. Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
3. Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.
4. Að gera tillögu til aðalfundar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Að taka stefnumarkandi og meiriháttar ákvarðanir er varða starfsemi félagsins.
6. Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi félagsins.
7. Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á m. að halda hlutaskrá.

C. Framkvæmdastjórn

14. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn veitir jafnframt prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur í samræmi við lög, samþykktir þessar og ákvarðanir stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Hann sér um reikningshald, meðferð fjármuna og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber lögum samkvæmt.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

IV. KAFLI - Ársreikningur og endurskoðun

15. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal kjörinn á aðalfundi félagsins í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

16. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða ákvæðum laga.

17. gr.

Tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara með sem breytingar á samþykktum félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild.

V. KAFLI - Önnur ákvæði

18. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, laga um ársreikninga, laga um hlutafélög og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar við aðalfund fyrir fundinn um að aðalfundur samþykkti að þóknun til hvers stjórnarmanns verði óbreytt frá fyrra ári. Þóknun til hvers stjórnarmanns verði kr. 180.000 á mánuði, stjórnarformaður fái greidd kr. 260.000 á mánuði og að varamenn fái 80.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim aðilum sem boðið hafa sig fram til setu í stjórn félagsins og varastjórn.

Í aðalstjórn félagsins:

Bolli Héðinsson
Erna Eiríksdóttir
Kristján Björgvinsson
Steinunn Bjarnadóttir

Í varastjórn félagsins:

Anna Huld Óskarsdóttir
Jón Eðvald Malmquist
Kristrún Auður Viðarsdóttir

Stjórnin var sjálfkjörin þar sem ekki bárust aðrar tillögur um stjórnarmenn og engin mótframboð komu fram.

Stjórnin skiptir með sér verkum á næsta stjórnarfundum.

Fundarstjóri áréttaði að endurskoðendur félagsins séu kosnir til 5 ára í senn og ár sé eftir af ráðningartíma Deloitte.

8. Önnur mál

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál. Svo var ekki.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í samráði við fundarritara og sagði fundarstjóri aðalfundi Íslandssjóða hf. árið 2014 slitið kl. 15:50.

Reykjavík, 1. apríl 2014

Dagmar Clausen Þórðardóttir

Kristinn Arnar Stefánsson